



Innkaupa- og framkvæmdaráð

Malbikunarframkvæmdir hjá Reykjavíkurborg, fyrirspurn – Tilvísun í mál R20010055

Á 16. fundi innkaupa- og framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar þann 15. október 2020 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

„Nú hefur komið í ljós að malbikun í Reykjavík fer fram með öðrum hætti en t.d. á hinum Norðurlöndunum. Munurinn er m.a. fólgin í steinefnum, þykkt malbiksins en malbikað er í þremur lögum víðast hvar annars staðar o.fl. þáttum. Þetta hefur Vegagerðin viðurkennt eftir hörmulegt banaslys sem átti sér stað á Vesturlandsvegi. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks telja rétt að kalla eftir upplýsingum um annars vegar (1) hversu stórt hlutfall af keyptu malbiki hjá Reykjavíkurborg hefur komið frá Malbikunarstöðinni Höfða, sem er í eigu borgarinnar. Í þessu sambandi er kallað eftir sundurliðuðu svári sl. 5 ár sem sundurliðað er niður á ár. Og hins samræmi við gæðastaðla.“

Svör:

Á síðustu 5 árum að meðtöldu árinu 2020 hefur Malbikunarstöðin Höfði hf. yfirleitt verið lægstbjóðendur í útboðum vegna malbiksyfirlagna hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Bein kaup á malbiki vegna þeirra útboða hafa verið um 103.000 tonn, sem skiptist þannig niður á hvert ár: 2016 u.þ.b. 15 þús. tonn, 2017 u.þ.b. 25 þús. tonn, 2018 u.þ.b. 23 þús. tonn, 2019 u.þ.b. 25 þús. tonn og 2020 u.þ.b. 15 þús. tonn.

Við bætist að árið 2018 annaðist fyrirtækið Munck Íslandi ehf. hluta framkvæmda sem nam u.þ.b. 8 þús. tonn.

Gerðar eru þær kröfur til framleiðslu malbiks að hún sé skv. þeim gæðastöðlum sem um hana gilda. Gildir það einnig um þau efni sem notuð eru til framleiðslunnar. Þannig þurfa steinefni að uppfylla ákveðna gæðaflokka m.v. tiltekna umferð eins og slit- og slípiþol. Brothlutfall og viðloðun skal hafa verið mælt eftir ákveðnum prófum í samræmi við viðeigandi staðla.

Á flestar stærri borgargötur eru notuð innflutt steinefni þrátt fyrir að sum íslensk steinefni uppfylli kröfur skv. stöðlum m.v. umferðarmagn. Íslenskt steinefni er notað í aðrar götur og er þess gætt að frekar séu valin sterkari steinefni þrátt fyrir að veikari steinefni uppfylli kröfur skv. stöðlum m.v. umferðarmagn. Auk þess eru fjölliður eða trefjar notaðar til að auka slitstyrk malbiksblöndu í umferðarmeiri götum og í þeim götum sem eru þrengri s.s. vegna umferðareyja. Þar aka bílar í þrengra hjólfari.

Þykkt malbiksslitlaga í þversniði gatna er misjöfn eftir götuflokki.

Þannig eru húsagötur lagðar með einu 6 sm. malbikslagi í upphafi. Þegar gatna slitnar er farið í viðgerðir og því næst lagt 4 sm. malbiksyfirlag þar ofaná. Þannig eru malbikslögin orðin tvö eða 10 sm. og er þá unnið með yfirlagið í endurnýjun til lengri framtíðar.

Umferðarmeiri götur eru lagðar með 6 sm. undirlagsbiki og 4,5 sm. yfirlagsbiki. Þegar yfirlagsbikið slitnar þá er þriðja malbikslagið 4,5 sm. lagt og svo unnið með það malbikslag til lengri framtíðar. Þannig eru þrjú malbikslög á umferðarmeiri götum

Rétt er að taka fram að helstu stofnbrautir innan borgarinnar svo sem Sæbraut, Kringlumýrarbraut, Miklabraut og Hringbraut eru alfarið í eigu og umsjón Vegagerðarinnar.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds